

Sp.

330. Fyrirspurnir.

[173. mál]

I. Til forsætisráðherra um könnun á atvinnu- og félagsmálum Suðurnesja.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 6. maí 1978 um könnun á atvinnu- og félagslegri aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar?

II. Til dómsmálaráðherra um hvar í dómskerfinu séu stödd nokkur mál, sem teljast til svokallaðra efnahagslegra afbrota.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

1. Hvernig háttar með Pundsmálið?
2. Hvernig háttar með Grjótjötunsmálið?
3. Hvernig háttar með mál þau, sem kennd hafa verið við Guðbjart Pálsson?
4. Hvernig háttar með Landsbankamálið?
5. Hvernig háttar með mál þau, sem kennd hafa verið við Friðrik Jørgensen?
6. Hvernig háttar með ávísanakeðjumálið?
7. Hvernig háttar með mál lækni þess, sem kærður var fyrir að hafa fengið greiðslur fyrir þjónustu, sem ekki var innt af hendi?
8. Hvernig háttar með Alþýðubankamálið?
9. Hvernig háttar með Finansbankamálið?
10. Hvernig háttar með Antikmálið?
11. Hvernig háttar með mál bílasala, sem kærðir voru á fyrra ári?